

**REGLUGERÐ**

79

**um hundahald í Hveragerði.**

7. apríl

## 1. gr.

Bannað er öllum íbúum Hveragerðishrepps að halda hunda, hvort sem viðkomandi menn teljast eiga þá eða ekki, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

## 2. gr.

Hreppsnefndin getur, samkvæmt 1. gr., veitt leyfi til hundahalds í hreppnum, enda sanni leyfisbeiðandi að um þarfahund sé að ræða.

## 3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 kr., er renna í sveitar-sjóð Hveragerðishrepps.

## 4. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur samið og samþykkt og sett er samkvæmt lögum nr. 8 4. júní 1924, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 7. apríl 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**REGLUGERÐ**

80

**um hundahald í Selfosshreppi.**

9. apríl

## 1. gr.

Bannað er öllum íbúum Selfosshrepps að halda hunda, hvort sem viðkomandi menn teljast eiga þá eða ekki, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

## 2. gr.

Hreppsnefnd getur, samkvæmt 1. gr., veitt leyfi til hundahalds í hreppnum, enda sanni leyfisbeiðandi, að um þarfahund sé að ræða. Þá getur hreppsnefnd og veitt leyfi fyrir þeim hundum, sem til eru í hreppnum, þegar reglugerð þessi öðlast gildi, gegn því, að eigendur ábyrgist, að þeir gangi ekki lausir á almannafæri.

## 3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 1000.00 krónum, og er hver hundur réttdræpur, sem fyrirfinnst í hreppnum, ef ekki er fengin heimild fyrir hann, nema hann fylgi utanhreppsmönnum. Sektir renna í sveitarsjóð Selfosshrepps.

## 4. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.